

Bergljót Kristjánsdóttir, kt. 28.09.50-3009 f.h. landeiganda að Laugum í samningi þessum nefndur leigusali og rekstramefnd Laugaskóla í samningi þessum nefndur leigutaki, gera með sér svofelldan

#### Leigusamning:

1.gr.

Leigusali leigir leigutaka land undir íbúðarhús gegnt sundlaug UMFD úr landi Lauga, samkv. meðf. uppdarætti.

2.gr.

Stærð landsins er um 750 m<sup>2</sup>.

3.gr.

Leigutími er 25 ár frá dagsetningu samnings þessa, en framlengist í eitt ár í senn, verði honum ekki sagt upp með minnst sex mánaða fyrirvara, af öðrum hvorum samningsaðila.

4.gr.

Verði tjón á landi eða gróðri af ástæðum sem rekja megi til leigutaka eða gesta hans, vegna búsetu hans eða mannvirkjagerðar, skal honum skylt að bæta leigusala eða öðrum leigutökum þann skaða. Ágreiningi um skaðann má skjóta til dómkvaddra aðila til úrskurðar sbr. 12 grein.

5.gr.

Ársleiga samkv. samningi þessum er kr. 3.500,- miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1994 195,5 stig og breytist samkvæmt henni.

6.gr.

Leigutaki skuldbindur sig til að fara að fyrirmælum leigusala og heilbrigðis-nefndar að öllu leyti hvað varðar frágang á skolp- og frárennslislögnum.

7.gr.

Leigusali ber ekki ábyrgð á spjöllum eða skemmdum sem mannvirki á lóðinni kunna að verða fyrir.

8.gr.

Leigutaki greiðir alla skatta og skyldur til hins opinbera svo og tryggingargjöld af mannvirkjum sínum.

9.gr.

Leigutaka er heimilt að veðsetja mannvirki sín með tilheyrandi lóðarréttindum. Komi til sölu á þessum eignum leigutaka á leigusali forkaupsrétt að þeim.

10.gr.

Samningur þessi er óframsejanlegur nema með samþykki leigusala.

11.gr.

Samningur þessi heldur gildi þótt eigendaskipti verði að jörðinni Laugar.

12.gr.

Verði ágreiningur milli leigusala og leigutaka um túlkun samnings eða fylgiskjolum hans og náist ekki samkomulag, skal leggja ágreininginn í úrskurð gerðardóms, sem skipaður verði einum aðila tilnefndum af leigutaka, öðrum tilnefndum að leigusala og oddamanni tilnefndum af sýslumanni Dalasýslu.  
Leigutaki greiðir kostnað af þinglýsingu samnings þessa.

Laugar 15.5.1994

Leigusali

Dagmar Björk Áshildardóttir

Leigutaki

fl. Laugardóttir  
Dagmar Björk Áshildardóttir

Vottar að rétti dagsetningu,  
fjárræði og undirritun aðila.

Dagmar Björk Áshildardóttir

20.07.91 - 4576

Dagmar Björk Áshildardóttir

040160-5669